

## Umsögn um Fjármálaáætlun 2018--2022

402. mál, þingsályktunartillaga

Sent 1 Maí 2017

Ferðamálasamtök Snæfellsnes mótmæla áformum ríkisstjórnar um hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu.

Samtökin telja að fyrirhuguð hækkun ofan á hraða styrkingu krónunnar muni hafa mjög neikvæð áhrif á rekstur og afkomu fyrirtækja og leiða til fækkunar starfa í greininni.

Styrking krónunnar hefur þegar valdið því að samkeppnisstaða Íslands sem áfangastaðar ferðamanna hefur versnað. Sérstaklega hefur þetta áhrif á landsbyggðinni þar sem ferðamynstur er að breytast þannig að gestir fara í styttri ferðir og eyða minna. Þrýstingur er orðin mikill á að ferðaþjónusta lækki verð til að mæta styrkingu krónunnar og því er ljóst að neysluskatti eins og virðisaukaskatti verði ekki velt yfir á neytendur heldur munu fyrirtæki þurfa að taka þessa hækkun meira og minna á sig.

Við hvetjum ríkisstjórn til að endurskoða fjármála áætlun og falla frá fyrirhugaðri hækkun á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu

Fyrir hönd stjórnar

Gísli Olafsson